

Nemendaráðsfundur

2. fundur

22.11.23

Mættir: María Guðný, Aron E og Marija Eva í fjarveru Vilmars Óla og Arna, starfsmaður ráðsins

1. **Formaður nemendaráðs**

Ákvörðun tekin um að Aron E. verði formaður nemendaráðs

2. **Fulltrúar í skólaráði**

Ákvörðun tekin um að Aron E. og María Guðný verði fulltrúar ráðsins í skólaráði

3. **Fundartími**

Ákveðið að hafa fastan fundartíma, annan hvern mánudag kl. 14:20

4. **Matsalur**

Ráðið ræddi ýmsar hugmyndir varðandi matsalinn. Leitað hefur verið til þeirra varðandi möguleikann á því að fá salatbar í matsalinn. Eins vill ráðið að settar verði upp gardínur í matsalinn auk þess að fá mjólkurvélina aftur.

Ákveðið var að boða Þórunni skólustjóra á næsta fund til að ræða þessi mál

5. **Kjallarinn**

Rætt var um baglega stöðu á rými unglíngastígsins í kjallaranum. Nemendur eru ósáttir við stöðuna og velta fyrir sér framtíðarplönunum.

Ákveðið að ræða þetta við Þórunni skólustjóra á næsta fundi

6. **Kynning á ráðinu**

Nefndarmenn ætla að fara í alla bekkir í skólanum til að kynna sig og láta nemendur vita að það sé hægt að leita til þeirra um málefni er varða skólann.

7. **Hugmyndabanki**

Rætt um það að setja upp hugmyndakassa þar sem allir nemendur skólans gætu sett sínar hugmyndir varðandi skólann; hvað mætti bæta, hvað væri hægt að gera o.s.frv.

8. **Viðburðir**

Ákveðið var að hafa "öðruvísi" daga a.m.k einu sinni í mánuði, líkt og náttfatadag, sólgleraugnadag o.s.frv.

Öðruvísi dagar í desember verða:

1. des – sparifatadagar

8. des – Smákökur (nemendur í heimilisfræði baka smákökur þá vikuna sem allir fá að borða í nestinu þennan föstudag)

15. des – jólafatadagur

9. **Næsti fundur**

Næsti fundur er áætlaður mánudaginn 4. desember kl 14:20

Fundi slitið kl. 14:55